



# Skólanámskrá Leikskólans Eyrarskjóls 2024-2025

Leikskólinn Eyrarskjól Ísafirði  
Leikskólastýra: Ingibjörg Einarsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
<b>VI. kafli. Námskrár og samstarf skólastiga.....</b>	<b>3</b>
<b>13. gr. Aðalnámskrá. ....</b>	<b>3</b>
<b>14. gr. Skólanámskrá og starfsáætlun. ....</b>	<b>3</b>
Um leikskólann .....	5
Framkvæmdastjórar Hjallastefnunnar ehf. ....	5
Fjöldi barna:.....	5
Húsnæði skólans: .....	5
Opnunartími: .....	5
Táknbirting leikskólans .....	5
Skólaföt .....	6
Gildi skólans og hugmyndafræðilegar áherslur .....	6
Skólustefna sveitarfélagsins .....	7
Kynjanámskrá Hjallastefnunnar .....	7
Uppbótarvinna Hjallastefnunnar .....	8
Lotur .....	8
R-reglurnar .....	8
Meginreglur .....	9
Grunnþættir menntunar .....	10
Læsi .....	10
Læsisstefnan „Lesið í leik“ , .....	10
Mál og læsi .....	11
Sjálfbærni.....	12
Lýðræði og mannréttindi .....	13
Stoðirnar þrjár .....	13
Heilbrigði og velferð .....	13
Sköpun.....	14
Sambætt og skapandi leikskólastarf .....	15
Sjálfbærni og vísindi .....	15
Sköpun og menning .....	15
Fjölskyldan og leikskólinn.....	17
Tengsl skólastiga.....	17
Sérkennsla.....	18

Leiðarljós leikskóla.....	18
Mat og eftirlit.....	18
Ytra mat.....	18
Innra mat.....	19
Eftirmáli.....	19

# Inngangur

## VI. kafli. Námskrár og samstarf skólastiga.

### 13. gr. Aðalnámskrá.

Ráðherra setur leikskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á gildi leiks í öllu leikskólastarfi. Einnig skal fjallað um markmið fyrir námssvið leikskólans, foreldrasamstarf, þróunarstarf, mat á leikskólastarfi og tengsl leikskóla og grunnskóla. Í aðalnámskrá skal skilgreina hæfnipætti á námssviðum leikskólans í samræmi við aldur og þroska barna. [Við gerð aðalnámskrár skal farsæld barna höfð að leiðarljósi. Börnum skal veitt tækifæri til að taka þátt í gerð aðalnámskrár.] <sup>1)</sup>

Auglýsing <sup>2)</sup> um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

<sup>1)</sup>L. 107/2023, 8. gr. <sup>2)</sup>Augl. 631/2011. Augl. 897/2023.

### 14. gr. Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega. [Börnum skal veitt tækifæri til að taka þátt í gerð skólanámskrár.] <sup>1)</sup>

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.

Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum.

<sup>1)</sup>L. 107/2023, 9. gr.

Skólanámskrá leikskólans Eyrarskjóls er leiðarvísir um starfsemi hans. Hún gefur fyrirheit um það hvernig starfsfólk leikskólans muni vinna að þeim uppeldis markmiðum sem við höfum sett okkur.

Skólanámskrá þjónar einnig þeim tilgangi að vera upplýsingaveita til starfsmanna, foreldra, rekstraraðila og annarra hagsmunaaðila skólans.

Samkvæmt lögum er leikskólastýran Ingibjörg Einarsdóttir ábyrg fyrir gerð skólanámskrár. Aðstoðarmanneskja leikskólastýrunnar, skólafreyja með stjórnun, Marta Sif Ólafsdóttir og sérkennslustýra leikskólans Svana Kristín Guðbjartsdóttir komu einnig að endurskoðun og uppfærslu skólanámskrárinnar í febrúar til apríl 2024.

Í upphafi kom starfsfólk leikskólans Eyrarskjóls að gerð skólanámskrárinnar sem fór að mestu fram á vormánuðum 2013. Þá var komið ákall frá foreldrum og starfsfólki um að skerpa á stefnunni í starfi skólans. 30. apríl 2014, tók Hjallastefnan við faglegum rekstri skólans og þann 1. ágúst sama ár alfarið við rekstrinum. Fulltrúar Hjallastefnunnar ehf. komu að þeim þáttum námskrárinnar sem eru sameiginlegir öllum leikskólum Hjallastefnunnar ehf. Þannig tekst að viðhalda stefnunni í starfi þeirra skóla sem heyra undir stefnuna.

Námskrá er í stöðugri endurskoðun og þróun og með henni helst vakandi umræða um leiðir í skólastarfinu og hefur námskráin verið endurskoðuð af og til síðan hún var gerð fyrst. Við vorum svo heppin að fá til okkar fulltrúa frá menntamálastofnun skólaárið 2022 – 2023 sem gerðu ytra mat hjá okkur. Þá fengum við skýrslu með athugasemdum sem og leiðbeiningum um það sem vel er gert og það sem mætti bæta. Við höfum svo verið að vinna að endurbótum og uppbyggingu í skólanum síðan og erum enn að. Þetta er kjörið tækifæri til að rétta „kompásinn“ og setja markmiðin upp á skipulegan hátt.

## Um leikskólann

Leikskólinn er staðsettur við Eyrargötu 1 á Ísafirði og hefur starfað frá árinu 1985. Rekstraraðili leikskólans er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ og hefur svo verið frá 1. ágúst 2014.

### Framkvæmdastjórar Hjallastefnunnar ehf.

eru Alma Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra - stjórnunar og reksturs og Bóas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri - fræðslu og fagstarfs.

**Leikskólastýra Eyrarskjóls** er Ingibjörg Einarsdóttir.

**Meðstjórnendur skólans** eru Marta Sif Ólafsdóttir skólafreyja með stjórnun og Svana Kristín Guðbjartsdóttir sérkennslustýra.

**Ráðgjafar skólans** eru: varðandi fagstarf Ingibjörg leikskólastýra og Svana Kristín sérkennslustýra, varðandi praktíska hluta starfsins er það Marta Sif skólafreyja með stjórnun. Einnig er möguleiki á að komast í samband við aðra starfsmenn Hjallastefnunnar á hinum ýmsu sviðum.

**Sérfræðiaðstoð:** Leikskólinn nýtur að auki sérfræðiaðstoðar sveitarfélagsins við Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar sem heldur utan um inntöku barna í skólann og nýtur skólinn aðstoðar/samstarfs sveitarfélagsins við sérkennslu, þjónustu talmeinafræðings þegar það gefst og þjónustu sálfræðings. Ísafjarðarbær er eigandi leikskóla húsnæðisins og hefur einnig umsjón um lóð leikskólans.

### Fjöldi barna:

Eyrarskjól getur tekið á móti 86 - 92 börnum eftir aldursröðun barnanna, frá september 2020 eftir viðbyggingu við skólann og eru starfsmenn í hlutfalli við fjölda og aldur barnanna. Skólinn er ekki full setinn eins og er, það munu bætast við börn fram eftir vetri.

### Húsnæði skólans:

er 430,8 m<sup>2</sup> og skiptist hann í 5 kjarna. Miðað er við að á hverjum kjarna dvelji að hámarki 16 – 19 börn eftir samsetningu barnahópsins. Skólaárið 2023 - 2024 verða allir kjarnar skólans kynjablandaðir, það er ríkjandi kynjahalli í barnahópnum. Okkur finnst mikilvægt að hafa börn á líkum aldri saman á kjörnum og tókum því þessa ákvörðun.

### Opnunartími:

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 á morgnana til 16:15 síðdegis og er dvalartími barnanna mismunandi.

**Gjaldskrá Eyrarskjóls** er sú sama og hjá öðrum leikskólum sveitarfélagsins. [Umsóknir](#) um leikskóladvöl fara fram í gegnum Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar.

### Táknbirting leikskólans

Meðal tákna leikskólans bæði inn á við og út á við eru m.a. merki Hjallastefnunnar og fáni auk skólafata barna og starfsfólks og skólasöngs Hjallastefnunnar sem er Vikivaki (Lag /

texti: Valgeir Guðjónsson / Jóhannes úr Kötlum). Hjallastefnumerkið er hannað af höfundi Hjallastefnunnar Margrétu Pálu Ólafsdóttur í samvinnu við foreldri í einum af skólunum okkar. Merkið myndar H með þaki sem er alþjóðlegt tákn Bliss-kerfisins fyrir „skjól“. Stúlka og drengur eru í sitt hvorum hlutanum sbr. kynjauppeldi Hjallastefnunnar en þau leiðast sem er tákn fyrir þjálfun kynjanna í samskiptum og vináttu. Blómið milli þeirra er tákn fyrir tengsl stefnunnar við náttúruna og þá áherslu sem lögð er á að rækta virðingu fyrir umhverfi og samfélagi.

## Skólaföt

Skólafatnaður er notaður í leikskólanum eins og í öllum öðrum Hjallastefnuskólum. Markmiðið er margþætt en sem dæmi má nefna að með samskonar skólafatnaði styrkist liðsheild meðal barnanna, samkeppni minnkar og öll börn mæta í þægilegum og slitsterkum vinnufatnaði á degi hverjum. [Hér má nálgast netverslunina](#) með skólafötunum og fleiru sem fjölskyldum í Hjallastefnu fjölskyldunni býðst.

Hjallavefurinn: [www.hjalli.is](http://www.hjalli.is), þar má finna upplýsingar um hugmyndafræði stefnuna, hver kjarni hennar er Stoðirnar þrjár **Jafnrétti - Lýðræði - Sköpun**, hvernig við vinnum, hvers vegna og allar áherslur. Einnig má finna upplýsingar um allar stefnur skólanna, allar almennar upplýsingar og hver og einn skóli er sjálfstæð eining sem mótar sína menningu innan rammans.

Leikskólinn Eyrarskjól á sína eigin heimasíðu á Hjallavefnum: <http://www.hjalli.is/eyrarskjol> Heimasíðan er hluti af samþættu rekstrar- og vefumsjónarkerfi sem sérhannað er fyrir Hjallastefnuskóla. Heimasíðan er mjög mikilvæg upplýsingagjöf til fjölskyldna, starfsfólks og nærsamfélags. Forsíða skólans hýsir almennar fréttir af skólastarfinu og er öllum opin og það sama gildir um allar helstu upplýsingar um starf skólans. Við notum líka karellen mikið fyrir myndir, samskipti við foreldrar og til að senda mikilvægar tilkynningar. Og loks er upplýsingasíða á facebook (*Leikskólinn Eyrarskjól – fréttir og fróðleikur*) þar sem við setjum einnig inn fréttir og fróðleik frá starfinu í leikskólanum.

## Gildi skólans og hugmyndafræðilegar áherslur

Leikskólinn Eyrarskjól starfar eftir [Aðalnámskrá leikskóla](#) frá árinu 2011 og erum að vinna að nýjum áherslum út frá [breyttum köflum 2023 skv. auglýsingu nr. 897/2023: Kafli 7, Kafli 8, Kafli 9 og Kafli 10](#), svo og [Hjallastefnunni](#), íslenskri uppeldisstefnu sem Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur að. Námskrá Hjallastefnunnar felst í bæði [meginreglum](#) og [kynjanámskrá](#) svo og skráðum verkferlum í skólastarfinu.

Hjallastefnan hvetur til gagnrýnar hugsunar á samfélagsmyndina okkar. Eyrarskjól hefur fengið tækifæri til að skoða hvað við getum betur gert í þessu vegna kynjahalla í árgöngum síðustu ára. Kynjanámsskrá hjallastefnunnar og svokölluð uppbótavinnan okkar hefur verið í mikilli endurmótun og erum við með sérstaka kynjauppbótartíma í skipulaginu til að bregðast við þessum aðstæðum.

Við höfum einnig verið að velta upp stöðu okkar varðandi kynjaskipt starf með börnunum út frá lögum um kynrænt sjálfræði <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019080.html>. Þau lög ná einnig til barna og viljum við bregðast við því. Í grunninn er starf Hjallastefnuskóla kynjaskipt eins og fram hefur komið hér að framan, hugmyndafræðin varðandi kynjaskiptinguna er sú að tryggja eigi jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbot á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynhlutverkum. Gildi Hjallastefnunnar eru jafnrétti, lýðræði og sköpun og eftir því starfa allir Hjallastefnuskólarnir. Leiðir hvers skóla að markmiðunum eru að mörgu leyti áþekkar en menning hvers skóla setur sinn svip á þær enda er það í höndum kennara og barna á hverjum stað að útfæra þann hluta skólanámskrár.

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Hjallastefnan er ekki eyland heldur er hún tengd hugmyndum um frjálst uppeldi á borð við þær sem Alexander S. Neill lagði fram. Að auki eru hugmyndir verkhyggjunnar lagðar til grundvallar en benda má á áherslur Hjallastefnunnar á raunhæfar og ígrundaðar lausnir í því samhengi svo og raunveruleikatengd verkefni í skólastarfi. Víða má sjá enduróm af kenningum Charles Peirce, William James og John Dewey í Hjallastefnustarfi og að auki er litið til skólaaðferða Carolyn Pratt, Rudolf Steiner og Maríu Montessori. Hugmyndir Lev Vygotsky eru einnig grunnur gagnvart hópstjórastarfinu.

Mikið hefur verið fjallað um Hjallastefnuna og á heimasíðu stefnunnar má finna [umfjallanir, rannsóknir, fyrirlestrar, greinar og umfjallanir í heimspressunni](#).

## Skólastefna sveitarfélagsins

[Skólastefna Ísafjarðarbæjar](#) inniheldur meðal annars það að: 5

„Grunngildi skólastefnu Ísafjarðarbæjar eru virðing, ábyrgð, metnaður og gleði. Með virðingunni er átt við að allir eigi rétt á að láta sér líða vel í skólanum, fái að njóta sín sem einstaklingar og takast á við verkefni við hæfi. Jafnframt eru hverjum og einum lagðar þær skyldur á herðar að koma fram af virðingu við samnemendur, starfsfólk skóla og aðra þá sem koma að starfi skóla á einn eða annan hátt.“

Einnig kemur fram að:

„Allt starf skóla Ísafjarðarbæjar skal einkennast af metnaði og framförum. Nýta þarf gott aðgengi að náttúru, stofnunum og fyrirtækjum í bænum. Taka skal tillit til þarfa einstaklingsins við skipulag náms eins og kostur er. Leitast skal við að koma til móts við hæfileika hvers og eins og að umhverfið sé bæði styðjandi og hvetjandi. Mat á skólastarfi þarf að vera fjölbreytilegt en samt skýrt og áreiðanlegt og taka til allra þátta skólastarfsins.“

Leikskólinn Eyrarskjól tekur mið af skólastefnu Ísafjarðarbæjar, nýtir verkferla varðandi t.d. sérkennslu, áherslur í málörvun og fleira og hefur gildi hennar í heiðri.

### [Kynjanámskrá Hjallastefnunnar](#)

[Kynjanámskráin](#) er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti kynjanna. Í kynjanámskránni er markmiðið að gera öllum kynjum ávallt jafn hátt undir höfði og mæta



ólíkum þörfum þeirra. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning kynjanna er virt og viðurkennd.

Kynjaskiptingin hefur falist í þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi er kynjaskilningur Hjallastefnunnar á því innbyggða kynjamisrétti sem hamlar réttlæti og lýðræði í samfélagi okkar. Í öðru lagi er kynjanámskrá Hjallastefnunnar leið til að efla og auka möguleika og rétt kynjanna í daglegu skólastarfi. Í þriðja lagi er kynjafræðsla þar sem kennarar vinna á vitsmunalegum grunni að því að hamla gegn staðalmyndum kynjanna og skapa nýjan skilning hjá öllum kynjum.

## Uppbótarvinna Hjallastefnunnar

Uppbótavinnan snýst um þjálfun og æfingar sem bæta báðum kynjum upp þá reynslu sem samfélagið mun ekki veita þeim vegna kynferðis þeirra. Hvernig er hægt að efla stúlkur í að nota röddina sína, efla sjálfstraustið og að taka pláss og hvernig má efla drengina í samskiptum, framkomu og að ræða tilfinningar. Æfingarnar verða að vera óvenjulegar til að brjóta upp hugarmyndir af hefðbundinni hegðun til að stúlkurnar nái í frumkraftinn sinn, hinn óbeislaða og ólgandi vilja sem býr í innsta kjarnanum og oft er búið að bæla og umbúðarvefja. Við leggjum áherslu á að hafa hópatíma með annars vegar stúlkum og hins vegar drengjum þar sem við leggjum áherslu á uppbótavinnu með þeim. Hingað til hefur kynjablöndunin gengið afar vel og ríkir ánægja hjá börnum, starfsfólki og foreldrum.

## Lotur

Samkvæmt kynjaskilningi Hjallastefnunnar er gengið út frá að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að kynin í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar kennslutækið til þess. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár loturnar á haustönn (sjá skóladagatal leikskólans) <https://eyrarskjol.hjalli.is/Skolastarfid/Skoladagatal> og seinni þrjár á vorönn. Á milli lota eru svonefndar opnar vikur þar sem viðfangsefni eru alfarið óbundin. Allir þættir kynjanámskrár eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfinu. Loturnar lúta til skiptis að félagslegri þjálfun og einstaklingsþjálfun. Fyrsta lota skólaársins er félagsleg, síðan kemur einstaklingslota og þannig koll af kalli fram á vor.

Yfirheiti hverrar lotu er almennt hugtak; lýsandi fyrir viðkomandi svið en heitinu fylgja síðan fjögur hugtök eða orð sem útskýra hvað þarf að æfa til að ná þeim árangri sem yfirheitið lýsir. Orðin fjögur eru svonefndir lotulyklar og er eitt orð einkennandi fyrir hverja viku lotunnar. Hverri lotu lýkur með uppskeru viku.

## R-reglurnar

eru í hávegum hafðar í Hjallastefnu starfi; röð, regla og rúttína í fyrirrúmi á öllum sviðum. Kjarnað umhverfi alls staðar, allir hlutir merktir, umferðarreglur merktar og sýnilegt og

ápreifanlegt hvernig allt á að vera. Paulhugsuð dagskrá og einfaldleiki í öllu skipulagi er jafn mikilvægt og umhverfis kjörnun. Í kjarna starfinu er síðan áherslan á skarpa hegðunarkennslu þar sem börnin læra að umgangast aðra með virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, með nákvæmri eftirfylgd og reglum sem börnin taka þátt í að móta, kynna og endurskoða.

## Meginreglur

Skólabragur og stofnanamenning leikskólans Eyrarskjóls byggir á [meginreglum Hjallastefnunnar](#). Þar er kveðið á um þau viðhorf til barna og fjölskyldna sem starfsmannahópurinn sameinast um að útfæra á. Grundvöllurinn er hin barnhverfa hugmyndafræði þar sem bæði þarfir barna svo og réttur þeirra til að njóta bernsku sinnar er í fyrirrúmi. Í meginreglunum er einnig skýr áhersla á hlutverki starfsfólks og þeim samskiptamáta sem setur jákvæðni og lausnamiðaðar aðferðir í fyrsta sæti og þar er einnig starfsmanna- og jafnréttisstefna leikskólans. Einnig kveða meginreglurnar á um umhverfi og efnivið skólans svo og viðhorf til umhverfis og náttúru.

Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

## Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru [grunnþættir menntunar](#) skilgreindir (kafla 2.1. bls 10).

„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.“ „Grunnþættirnir eru eftirfarandi: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.“

### Læsi

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að: „Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkkunnáttu.“ (Aðalnámskrá, kafla 2.1.1, bls.12).

### Læsisstefnan „Lesið í leik“,

sem fyrst var gefin út 2013, af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, er efni sem byggir á tillögum starfshóps. Í læsisstefnunni kemur m.a. fram að:

„Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám seinna meir en oft er hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta; hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Í bernskulæsi mótast einnig viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðari lestrarfærni. „Þrátt fyrir að gera megí ráð fyrir að læsisþroski komi í kjölfar málþroska er um að ræða ákveðna gagnvirkni; málþroski hefur áhrif á læsi og læsi hefur áhrif á mál“ (Halldóra Haraldsdóttir, 2012). Í gegnum höfuð markmið sitt, leikinn, ber leikskólum að skipuleggja nám barna þannig að þau njóti þess að efla mál sitt og læsi í víðu samhengi í gegnum fjölbreytta reynslu og efnivið“.

Í Eyrarskjóli leggjum við mikla áherslu á læsi og málörvun sem og félagsþroska sem eru þættir sem fléttast saman og við lítum þannig á að þessir þættir séu gríðarlega mikilvægur grunnur undir allt nám og áframhaldandi þroska. Við fylgjumst vel með börnunum og skimum eftir því hvort þau eru að glíma við frávík í málþroska sem og öðrum þroska. Við vinnum m.a. eftir handbók sem stjórnendur leikskóla í Ísafjarðarbæ ásamt Skóla- og sérkennslufulltrúi Skóla- og tómstundasviðs, lögðu grunn að með sameiginlegri sýn á [Matstæki og verkferla í snemmtækri íhlutun](#)

## Mál og læsi

Við erum svo heppin að hafa í okkar röðum starfs manneskju sem er afar flink að vinna með sögur, texta og tónlist með börnum. Hún fer á milli kjarna með sögu og tónlistarsmiðju, segir og les sögur og vinnur úr þeim með börnunum ásamt starfsfólki hvers kjarna fyrir sig. Alla daga eru lesnar sögur, farið með vísur, þulur og unnið með rím ásamt því að styðjast við viðurkennt málörvunarefni í daglegu starfi leikskólans. Þættir sem mikilvægt er að vinna með eru m.a.:

- **Rím** – þá er t.d. gott efni í bókinni [Markviss málörvun](#) – þjálfun hljóðkerfisvitundar, bls.46 - 86.
- **Samstöfur** – t.d. bls.104 - 112 í Markviss málörvun barnið hlustar og klappar atkvæðin í orðunum. Dæmi: Sæ – mund – ur. (3 atkvæði).
- **Samsett orð** – barnið heyrir tvö orð og á að setja orðin saman í eitt. Dæmi: Hvaða orð býrð þú til ef þú setur saman rúm og teppi? (rúmteppi). Það er auðvelt að nálgast [kennsluefni](#) þar sem unnið er með samsett orð, t.d. á netinu.
- **Hljóðgreining** – barnið er beðið að hlusta eftir hljóðum í orði. Dæmi: Segja nafn barnsins hægt og skýrt og spyrja síðan „Heyrist sss (hljóðið) í nafninu þínu?“
- **Margræð orð** – hér á barnið að greina hvaða tvær myndir af fjórum nota orð sem hljóma hljóðfræðilega eins eða næstum eins. Dæmi: Hér eru fjórar myndir; pera (ávöxtur), belti, pakki og ljósa-pera, hvaða tvær myndir nota sama orðið? (pera/ljósapera).
- **Orðhlutaeyðing** – barnið á að segja hvaða orð verður eftir ef fyrri hluta samsetts orð er sleppt. Dæmi: Hvaða orð verður eftir ef þú tekur rúm burt af rúmteppi? (teppi).
- **Hljóðtenging** – hér tengir barnið tvö til þrjú máhljóð heyrnærnt saman í orð. Dæmi: Hvaða orð er þetta ú – r (segja hljóðin með u.þ.b. sekúndu millibili) (úr).

Á netinu má finna samantekt yfir [kennsluefni](#) í mörgum þáttum málörvunar, það er misjafnt hvað hentar þeim aldri sem við erum að kenna í Eyrarskjóli, en oft geta börn meira en við höldum.

Við leitumst við að nota fjölbreytilegt málfar og gefa börnunum tækifæri til að tjá sig sem og að hlusta á aðra. Við notumst við opinn efnivið sem örvar ímyndunaraflið þar sem leikurinn tekst á við ólíkar áskoranir bæði hvað varðar skapandi hugsun og tungumálið okkar. Allir nemendur við skólann fá markvissa þjálfun sem miðar að góðum undirbúningi fyrir lestrarnám er þau hefja grunnskólagöngu. Hjallastefnan býr svo vel að eiga námskrá fyrir málörvun og læsi auk þess að við fléttum inn í hana marga þætti, s.s. [Lubbakennsluna](#) í íslensku þar sem öll íslensku máhljóðin er lögð inn í gegnum leik. Umhverfi okkar er vel merkt og bókstafir eru meðal annars sýnilegir allan veturinn á öllum kjörnum skólans. Einnig er [Orðaforðalisti](#) frá menntamálastofnun fléttaður inn í námskránnu og námskráin tekur mið af [Lotum Hjallastefnunnar](#) í Kynjanámskránni o.fl. þættir.

Öll tví- og fjöltyngd börn í Eyrarskjóli fara í málörvun hjá íslenskufraeðingi sem vinnur í leikskólanum, hún er með mikla reynslu af íslenskukennslu fólks af erlendum uppruna og

vel kunnug hvernig málþróun barna fer fram. Hún leggur sérstaka áherslu á orðaforða, setningagerð o.fl. undirstöðuþætti í íslensku. Við lítum þannig á að hvatning frá talmeinafræðingum, sem hafa rannsakað gengi tví- og fjöltyngdra barna í skólakerfinu, sýni að það þarf að gera betur á leikskólastiginu varðandi málörvun þeirra. Þau eru oft orðin ágæt í því að bjarga sér í daglegum athöfnum, en svo vantar dýptina þegar betur er að gáð. Hún þjálfar einnig íslensk börn sem eiga í framburðarvanda sem og þau sem glíma við flóknari málþroskavanda, undir leiðsögn talmeinafræðinga þegar sú þjónusta er fyrir hendi.

## Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags“ ([bls.13. kafli 2.1.2 í Aðalnámskrá leikskóla](#)).

Áherslur í nútímasamfélagi kalla á aukna meðvitund og þátttöku í því að bregðast við með markvissum breytingum í samfélaginu. Við getum stuðlað að breyttum hugsanahætti gagnvart t.d. auðlindum jarðar, með einfaldri fræðslu um t.d. [hvað er auðlind](#). Okkur ber að taka þátt í því að ala börn upp í sjálfbærum lífsmáta því erfitt getur reynst að gera breytingar seinna á lífsleiðinni. Við munum t.d. leggjast yfir ígrundun á því hvað felst í [sjálfbærnistarfi leikskóla](#). Erum við að standa okkur nægilega vel í þáttum eins og flokkun á rusli, matarsóun, orkunotkun og kjötneyslu, hvernig taka börnin þátt í starfinu og hvaðan getum við fengið innblástur til að auka sjálfbærni leikskólans?

Leggjum áherslu á að fara reglulega í vettvangsferðir á náttúrusvæði með börnunum og útivera er fastur liður í starfinu okkar. Við notum mikið staðlaðan opinn efnivið sem sjaldan þarf að endurnýja og lítið af hefðbundnum leikföngum í starfinu, [sjá fjórðu meginreglu Hjallastefnunnar](#) sem fjallar um efnivið. Við þurfum að útskýra fyrir börnunum á einfaldan hátt hvernig athafnir okkar hafa áhrif á verndun og viðhald jarðarinnar okkar. Umræðuefni s.s. úr hverju er pappír búinn til, hvað verður um ruslið eftir að við hendum því og ruslabílinn sækir það? Skoða hvað er í garðinum okkar, finna þær lífverur sem þar er að finna og halda svo áfram á forsendum barnanna. Hvað hafa þau áhuga á að vita meira? Það þarf líka að kenna þeim hvaða efni þau eru að vinna með dags daglega. Hvað er plast? Málmar? Gler? Grjót? Mold? Hvernig notum við það sem við höfum? Er hægt að nota það öðruvísi? Er hægt að nota það aftur? Af hverju ættum við yfir höfuð að nota hluti aftur? Við þurfum að ræðum um að umgangast náttúruna af virðingu. Taka ruslapoka með í gönguferðir spá í hreinu umhverfi úti náttúrunni. Börn læra sjálfbærni með því að taka þátt í ferlunum, s.s. flokkun á rusli, spá í notkun á vatni og rafmagni, taka þátt í gróðursetningu, sporna við matarsóun, skammta sér á matardiskana o.fl. Er hægt að fá fræðslu um vinnslu á rusli, hvernig rafmagn verður til o.fl. Mikilvægasti þátturinn í því að auka sjálfbærni leikskólans er að hvetja til áhuga starfsfólksins á umhverfismálum og sjálfbærni. Allt starfsfólkið þurfi að vera samtaka ef leikskólastarfið á að bera árangur. Tökum eitt skref í einu. Það að reyna að breyta öllu í einu getur orðið yfirþyrmandi.

<https://skolathraedir.is/2018/12/13/litil-skref-i-att-ad-sjalfbaerni-i-leikskolum-og-betri-framtid/>

## Lýðræði og mannréttindi

„Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum“ ([bls. 14, kafli 2.1.3 í Aðalnámskrá leikskóla](#)).

Í leikskólanum Eyrarskjóli eru haldnir valfundir á þeim er valið barnsins, það tekur ákvörðun um hvað það vill gera. Við erum að þróa valið út frá áherslum Aðalnámskrár leikskóla þar sem áhersla er á [sjálfsprottinn leik barna](#) sem er aðalnámsleið barna. Markvisst aðstoða kennarar börnin við að koma orðum að tilfinningum sínum og löngunum, kynjanámskrá Hjallastefnunnar er gott dæmi um það. Valstundir dagsins eru nemendastýrði tíminn okkar þar sem börn valdeflast við vinnu sína.

Kennarar í Eyrarskjóli leitast við að virða skoðanir barnanna og hlusta á hvað þau segja. Sem dæmi á matmálstímum, „ég vil“ eða „ég vil ekki“, þau smakka og svo er valið þeirra. Kennurum í Eyrarskjóli finnst mikilvægt að hlustað sé á börn, skoðanir þeirra virtar og þeim gefið tækifæri til að leggja sitt til málanna.

## Stoðirnar þrjár

Í Hjallastefnunni, er fjallað um einkunnarorð stefnunnar, **Jafnrétti - Lýðræði – Sköpun**. „Stoðirnar þrjár eru einföld framsetning á allri hugmyndafræði Hjallastefnunnar og fela í sér bæði meginreglur og kynjanámskrá stefnunnar. Allt starf og allar lausnir þurfa að standast ítarlega skoðun á því hvort þær hvíli raunverulega á stoðunum þremur.“ Allt starf kennara snýr að því að koma lýðræðislega fram með því að taka hverju barni eins og það er og aðstoða það á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Verkefnaflóran er fjölbreytt til að efla reynsluheim og þar með víðsýni barnanna. Efniviðurinn okkar er hlutlaus og því ókynjaður. Það tryggir að hann má nota á mjög fjölbreyttan hátt og börnin nýta sköpunarkraftinn og hugmyndaflugnið sem best. Það ríkir fjölmennig í Eyrarskjóli og Hjallastefnan leggur mikla áherslu á að í skólunum hennar séu allar trúarskoðanir og minnihlutahópar virt. Það er mikilvægt að öll sjónarmið fái að njóta sín í leikskóla umhverfinu. Jafnrétti „Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis“ ([Aðalnámskrá leikskóla, 2011. 2.1.4. bls 19](#)).

## Heilbrigði og velferð

„Allt skólustarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.“ ([Aðalnámskrá leikskóla](#) kafli 2.1.5, bls 16).

Leikskólinn Eyrarskjól leggur mikið upp úr heilsusamlegu líferni, matur í leikskólanum er hollur og staðgóður. Einnig leggjum við áherslu á einstaklingshreinlæti, handþvott og að þrifa sig fyrir og eftir matmálstíma.

Hver einstaklingur er mikilvægur og því er lagt upp úr því að tekið sé vel á móti börnum og foreldrum við komu í leikskólann. Að hlúð sé vel að börnum í leik og starfi og skólinn skili sterkum einstaklingum áfram út í lífið.

Leikskólinn Eyrarskjól er vel staðsettur, í nálægð við fallega náttúru og eiga öll börn að fá góða hreyfingu daglega með kennurum sínum, ýmist í skemmtilega garðinum okkar sem og í vettvangsferðum. Í val tíma er útisvæði ávallt í boði og þá er um að ræða frjálsan leik. Stutt er upp í Stóruð þar sem skógvaxinn reitur og mikið notaður af börnum skólans ásamt sjúkrahústúnsins, Jónsgarðs o.fl. Á val tíma er einnig í boði leikur í leikstofu þar sem gefast tækifæri til ærsla- og hreyfileikja í leikjum með dýnur, púða, teppi, fatnað og búninga. Leikirnir á þessum svæðum gefa tækifæri til að búa til hús, setja upp þrautabrautir auk þess sem vinsælt er að útbúa leikfimitæki. Á öðrum svæðum á leiktíma er unnin fín hreyfivinna en börnin eru hvött til þess að nota fjölbreyttar stellingar, krjúpa á stólum, standa, sitja, vinna á gólfinu osfrv. Þar sem Hjallastefnuskólar nota opinn efnivið er lítið svo á að allt sem inni á kjarnanum er sé opinn efniviður og til fjölbreytilegra nota. Þannig eru húsgögn einnig notuð sem leikefni og er algengt að byggja þrautabrautir úr borðum og stólum sem gefa kost á fjölbreytilegri hreyfingu. Dans er einnig mikið notaður í Hjallastefnu starfi; bæði sem tjáningarform en einnig sem holl og upplífandi hreyfing. Skólafötin okkar eru svo meðal annars til að tryggja að börnin séu þægilegum fötum sem hvetja til hreyfingar. Með jákvæðu viðmóti, umhyggju, hvatningu og hrósi stuðla kennarar að almennti vellíðan barnanna. Í jákvæðu andrúmslofti er auðveldara að ná að þroskast og láta ljós sitt skína.

Í Eyrarskjóli er börnunum boðið upp á holla hressingu milli mála og miðað við að vatn sé alltaf aðgengilegt. Matur er eldaður á staðnum. Við leggjum áherslu á að salt, sykur og fl. sé haft í lágmarki í eldun og bakstri. Skýrar reglur gilda um þjónustu við börn með ofnæmi og fæðuþöpol og öllum börnum með sérþarfir í fæði sé vel sinnt hjá okkur.

Yngstu börnin leggja sig að loknum hádegisverði en þau eldri eiga saman rólegar stundir í hópatímunum, stundum í notalegu spjalli, í formi slökunar undir tónlist og stundum einfaldlega njóta þau þagnarinnar saman. Leikskólinn Eyrarskjól býður elstu árgöngum skólans upp á jóga (ein starfsmanneskja skólans hefur menntun í barnajóga).

## Sköpun

„Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika“ ([Aðalnámskrá leikskóla](#) kafli 2.1.6. bls. 16). Dagskráin okkar og efniviður styðja við frjálsan leik barnanna þar sem forvitni, hugmyndaauðgi og sköpunargleði fær notið sín. Við miðum við að kennarar séu ávallt virkir í þekkingarleit barnanna og styðji þannig við hugmyndir þeirra og sýni þeim virðingu. Við leggjum okkur fram við að bæta við þann efnivið sem er náttúrulegur,

endurvinnanlegur og laus við skaðleg efni. Sjötta lota [kynjanámskrárinnar](#) ber yfirskriftina; Áræðni, kjarkur, kraftur og virkni. Hún tekur vel á þeim þáttum sem snúa að því að hvetja börnin til að fara skrefinu lengra og prófa sig áfram á nýjan hátt og efla frumkvæði sitt.

## Sambætt og skapandi leikskólastarf

Markmið Aðalnámskrár leikskóla eru sambætt við leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með námssvið Aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik barnanna í val tímum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópátimum.

## Sjálfbærni og vísindi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir: “Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.”

Í öllu starfi skólans er gert ráð fyrir að börn njóti fjölbreyttrar upplifunar og lögð sérstök áhersla á að þau geti verið í tengslum við náttúruna á lifandi hátt. Hjallastefnan leggur áherslu á náttúrulegt útisvæði og í leikskólanum er náttúrulegum starfskostum gert eins hátt undir höfði og mögulegt er. Sandkassar, moldargryfjur og vatn gefa kost á massa vinnu úti. Grjót, klettur, mishæðir og opin svæði gefa kost á fjölbreyttri upplifun. Náttúran umhverfis leikskólann er einnig auðlind sem mikið er nýtt í starfinu og einnig erum við að þróa skiptingu leiktíma sem gefa kost á að hægt sé að fara í lengri vettvangsferðir til þess að njóta náttúrunnar.

“Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.” (Aðalnámskrá 2011). Hjallastefnuskólarnir byggja þjálfun í vísindalegri hugsun inn í dagskrá sína og efnivið. Þannig þjálfast börnin í notkun hugtaka og skilningi á lögmáli orsaka og afleiðinga í gegnum leik og daglegt starf. Allur efniviður Hjallastefnuskólanna er úthugsaður með þetta í huga og eru til dæmis eingöngu notaðir kubbar sem hafa rétt stærðfræðileg innbyrðis hlutföll, þ.e. stærsti kubburinn er helmingi stærri en sá næsti fyrir neðan o.s.frv. Ílát fyrir sull og vatnsleiki eru hugsuð og útbúin á sama hátt og bjóða því upp á þjálfun í rúmmáls skynjun í leiknum sjálfum. Að auki er svo unnið með vísindaleg hugtök og verkefni í hópastarfi leikskólans. Einkum eru náttúruvísindi ofarlega á blaði og er þar af mörgu að taka en sem dæmi að rækta jurtir af fræjum, fylgjast með vexti þeirra og öðlast skynjun fyrir hringrás lífsins.

## Sköpun og menning

Hugmyndafræðin að baki einfalda efniviðinum sem börnin leika sér með er til að hvetja til sköpunar, samvinnu og samleiks. Áherslan er upplifunin við sköpunina, að njóta augnabliksins þegar hugmyndirnar verða til og að koma þeim frá sér. Minni áhersla er lögð á afraksturinn, verkið sjálft, enda má treysta því að ánægja ríkir með þá vinnu sem unnin er af innlifun og gleði.

Í hverjum val tíma í Eyrarskjóli, gefst börnunum kostur að velja sér föndurkrók, kubbakrók og leirkrók. Á þessum svæðum er ákveðinn grunnefniviður og áhöld í boði til að vinna að



sköpun en fjölbreyttu ítarefni er bætt við til að auðga sköpun og upplifun barnanna. Í hópatímum er svo unnið mikið með sköpun og má segja að eina takmörkunin sé hversu langt hugarflug barna og kennara nær. Verk barnanna eru gjarnan gerð sýnileg, t.d. á veggjum kjarnanna eða í fataklefum sem og á tengiganginum. Einnig hafa verið haldnar sýningar ásamt öðrum leikskólum í bæjarfélaginu, t.d. um páskana og á vorin annað hvert ár núna í Safnahúsinu/bókasafninu. Ákveðnum verkefnum er safnað í „útskriftabækur“ sem sýna þroska og ferli í starfi þeirra allan leikskólagöngu þeirra í Eyrarskjóli. Þessi mappa er síðan eign barnsins eftir útskrift úr leikskólanum, ásamt því sem foreldrar geta hlaðið niður fleiri hundruð mynda af barninu í leikskólasterfinu.

Söngur er aðalsmerki tónlistariðkunar í Hjallastefnuleikskólum og er sungið daglega og vel gætt að því að börnin hafi alltaf ný og skemmtileg sönglög til þess að glíma við. Lögð er áhersla á að börnin æfi sönglög með fjölbreyttum og vönduðum textum sem hafa bókmenntalegt eða menningarlegt gildi. Vikulegur söngfundur er helgaður tónlistariðkun þar sem börnin koma saman og syngja og dansa. Á þessum stundum æfa börnin framkomu og flytja skemmtiatriði í formi söngva, leikrita og dansatriða. Tónlist er notuð markvisst bæði til hlustunar, við dans og aðra tjáningu í leikjum. Lögð er áhersla á það í skólanum að kynna börnunum fjölbreytta tónlist, til dæmis djass, klassík, popp, rokk og þjóðlagatónlist. Börnunum gefast líka tækifæri til þess að prófa hljóðfæri og óhefðbundna hljóðgjafa auk þess sem hægt er að búa til sín eigin hljóðfæri.

Í umfjöllun leikskólans um menningu og samfélag er kappkostað að brjóta upp staðalímyndir kynja og kynþátta og leggja áherslu á mikilvægi þess að hver einstaklingur fái að njóta sérkenna sinna innan þess samfélags sem hann lifir og hrærist í. Fjölskylduáðstæður barnanna sjálfra og kennaranna gefa kost á umfjöllun um marga þætti samfélagsfræða og menningar svo sem mismunandi búsetuhætti, ólík fjölskyldu- og sambúðarform, fjölskyldutengsl og atvinnulíf. Styttri og lengri vettvangsferðir og heimsóknir á menningarstofnanir gefa kost á því að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og því sem það hefur uppá að bjóða.

Hefðir og hátíðahöld eru hluti af menningu hvers samfélags og í leikskólanum eru slíkir viðburðir í hávegum hafðir, upp að þeim mörkum þó að þeir skapi börnunum ekki streitu eða vanlíðan af öðru tagi. Mikið er lagt upp úr því að börnin hljóti jákvæða upplifun af undirbúningi hátíðis- og tyllidaga og jafnframt er reynt að hlífa þeim við streitu og neyslu kapphlaupinu sem getur fylgt.

Vettvangsferðir víkka sjóndeildarhring barna, þau kynnast sínu nánasta umhverfi og fá aukna dýpt í skilning á sínu samfélagi, menningu og listum. Umhverfi skólans er kjörið til spennandi vettvangsferða í óspilltri náttúru. Slíkar ferðir efla alhliða þroska og auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þor. Leikskólinn leggur sig fram við að vera í góðu sambandi við atvinnulífið, skólasamfélagið og opinberar stofnanir í bænum. Sem dæmi má nefna Bókasafn Ísafjarðarbæjar sem er í næsta húsi við Eyrarskjól sem nýtist vel og börnin fara í heimsóknir í hjúkrunarheimili Eyri og Hlíf og syngja þar.

## Fjölskyldan og leikskólinn

Hjallastefnuskólar leggja mikla áherslu á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla; ef skólinn nýtur ekki trausts foreldra, munu kennarar aldrei ná að skapa óskorðuð tengsl við barnið og þar af leiðandi fær barnið ekki það gæðastarf í skólanum sem það á skilið.

Í upphafi fá foreldrar sendar upplýsingar auk þess að við bjóðum foreldrum og börnum í heimsókn, þar sem þau fá rólega stund með þeim börnum og foreldrum sem eru að byrja í aðlögun á sama tíma. Þar förum við yfir áherslur og praktísk atriði, foreldrum gefst kostur á að bera fram spurningar og spjalla. Náði mikilvægt samráð foreldra og skóla fer fram í daglegum samskiptum sem og upplýsingum sem fara á milli í Karellen appinu sem allir foreldrar hafa aðgang að. Að auki er boðið upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári ef foreldrar vilja nýta sér það, en auðvitað geta foreldrar alltaf beðið um samtöl ef það er eitthvað sem þau vilja ræða sérstaklega, fá ráðgjöf eða viðra áhyggjur af einhverju.

Tvisvar á ári bjóða börnin foreldrum sínum í fjölskyldu hressingu, djús, vatn, brauð og ost, við höfum smám saman fært þessar stundir yfir á nónhressingu, þar sem það leggst betur í börnin að ljúka deginum með foreldrum sínum, frekar en að hafa stundina á morgnana, sem veldur því að erfitt er að kveðja eftir að foreldrarnir hafa komið með barninu sínu inn á kjarna og dvalið þar um stund. Við höfum tekið eftir því að þessar stundir geta verið mjög notalegar og foreldrar fá tækifæri til að spjalla saman og mynda meiri tengsl.

Á hverju skólaári fer fram viðhorfskönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra á skólanum og leita eftir tillögum þeirra til úrbóta. Öflugt foreldrasamstarf eykur sýnileika leikskólans og stuðlar að jákvæðara viðhorfi samfélagsins til leikskólastarfs.

[Foreldrafélag](#) starfar við skólann, skv. eigin starfsreglum, sem kynntar eru á heimasíðu skólans. Einnig [foreldaráð](#), sem einnig er kynnt á heimasíðu skólans.

Í Hjallastefnuskólum taka foreldrar og fjölskyldur barnanna gjarnan þátt í raunverulegum verkefnum með skólanum með svonefndu „fjölskyldu framlagi“ þar sem foreldrar og fjölskyldur styðja við skólann eftir nánara samkomulagi. Sem dæmi má nefna að foreldrar hafa boðist til að moka frá við skólann, foreldrar hafa komið og verið með tónlistaratriði í söngstund, foreldrar hafa smíðað eitthvað sem vantaði, lagað ýmislegt o.s.frv.

## Tengsl skólastiga

Á vorin eru skipulagðar heimsóknir elstu barnanna hjá okkur í leikskólann Tanga, þar sem þau kynnast skólanum, útisvæðinu, kennurunum o.fl. Að vori eru haldnir skilafundir þar sem kennarar elstu nemenda Eyrarskjóls funda með verðandi kennurum barnanna í á Tanga. Á þessum fundi eru gefnar upplýsingar sem varða einstaka nemendur ef þurfa þykir að því gefnu að foreldrar hafi gefið skriflegt leyfi.

## Sérkennsla

Börn eru misjöfn eins og þau eru mörg – einstök hvert og eitt. Öll hafa þau skýr einstaklingseinkenni, sérstaka hæfni og áhuga og sterkan vilja. Það er grundvallaratriði fyrir farsæld þeirra að skólinn hlúi að þeim á þeirra eigin forsendum og forðist að gera sömu kröfur til allra og steypa alla í sama mót. Þar af leiðandi verður Hjallastefnuskóli að leita allra leiða í skipulagi sínu og starfsháttum til að hafa fjölbreytileg verkefni og valkosti fyrir hendi. Hjallastefnukennarar fagna fjölbreytileikanum innan barnahópsins og telja ekki eftir sér að stíga skrefinu lengra til að mæta hverju barni.

Í flestum tilvikum er sérkennsluþörf mætt innan hvers barnahóps með samþættingu og heiltæku starfi. Þurfi barn sérstaka aðstoð eða sérstök úrræði vegna þroskastöðu, líkamlegs atgervis, hegðunar eða aðstæðna sinna að öðru leyti, metur skólinn með foreldrum hvernig staðið skuli að slíkri aðstoð. Engin ein leið er rétt, heldur ráða þarf barnsins ferðinni samkvæmt mati þeirra sérfræðinga sem að málinu koma og úrslitavaldið er hjá foreldrum.

## Leiðarljós leikskóla

Hlutverk leikskólans er að skapa öruggt og þroskahvetjandi umhverfi þar sem allir einstaklingar sem þar starfa, börn og fullorðnir, fá notið sín dag hvern og hafa tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og þroska sjálfraði sitt í lýðræðisumhverfi.

[Leiðarljós úr Aðalnámskrá leikskóla](#) frá árinu 2011 (kaflí 5, bls 24), eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarfs. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans:

## Mat og eftirlit

Leikskólinn Eyrarskjól stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. svo sem spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis. Að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, svo sem gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu, einnig hefur bæst við gæðahandbók vegna valsins. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarleg útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna á heimasíðu undir skólastarfið.

## Ytra mat

felst m.a. í forelðrakönnun og starfsmannakönnun sem skólapúlsinn hefur framkvæmt og Mennta- og menningarmálaráðuneytið framkvæmdi ytra mat hjá okkur haustið 2022.

Heilbrigðisyfirvöld eiga að kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið á að aðalskoðast af faggildum aðila árlega. Skýrslu um ytra mat sem og úrbótaáætlun má finna á heimasíðu leikskólans <https://eyrarskjol.hjalli.is/> undir flípanum skólastarf.

## Innra mat

Leikskólinn Eyrarskjól tekur á þátt í og framkvæmir umfangsmikið innra mat sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. svo sem spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis. Að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, svo sem gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu, einnig hefur bæst við gæðahandbók vegna valsins. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarleg útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna á heimasíðu leikskólans <https://eyrarskjol.hjalli.is/> undir flípanum skólastarf.

Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hver skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

## Eftirmáli

Það er spennandi að vinna í leikskóla núna, það er mikil gerjun í gangi í skólamálum á landinu og það gleður mig mikið að við erum farin að leggja mikla áherslu á leik barna sem aðalnámsleið þeirra, en mín tilfinning hefur verið sú að við höfum týnt okkur í sífelld fleiri kennarastýrðum stundum til þess að reyna að fanga nám barna sem við höfum þó lengi vitað að fer best fram í gegnum leikinn og hlutverk okkar sem störfum í leikskólunum er að styðja við, horfa og meta, skrá og ígrunda. [Ég vísa hér í handbók um leikinn bls.22 - 31.](#) Ingibjörg Einarsdóttir leikskólastýra vann að endurskoðun skólanámskrár leikskólans Eyrarskjóls, ásamt Svönu Kristínu Guðbjartsdóttur sérkennslustýru og Mörtu Sif Ólafsdóttur skólafreyju/skrifstofustjóra sem er sérlegur tækniráðunautur skólans, í ágúst - september 2024.